

**Sþ.** **91. Tillaga til þingsályktunar** [87. mál]

um heildarendurskoðun á fyrirkomulagi stjórnkerfis sjávarútvegsins.

Flm.: Jón Skaftason, Ingvar Gíslason, Bjarni Guðbjörnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nú þegar nefnd 5 manna með þekkingu á málefnum sjávarútvegsins til þess að endurskoða ríkjandi fyrirkomulag um yfirstjórn hans og undirbúa frumvarp til laga um þau efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Mikilvægi sjávarútvegsins í íslenskum þjóðarbúskap er vel þekkt meðal landsmanna. Hitt munu sennilega færri vita, hversu yfirstjórn hans er í sundurlausu kerfi og oft máttvana, þegar mest á reynir.

Tilgangurinn með tillögu þessari er sá að fá fram heildarathugun á sjálfu stjórnarkerfi sjávarútvegsins í viðtækum skilningi, eins og vikið verður að hér á eftir. Bein hagsmunasamtök á borð við stéttasamtök útvegsmanna, sjómanna svo og sölu-samtökin falla utan verksviðs nefndarinnar.

Verður hér vikið að helztu stofnunum sjávarútvegsins, sem endurskoðunin þarf fyrst og fremst að beinast að:

**I. Almennar stofnanir.**

1. Sjávarútvegsráðuneyti. Hér er um að ræða yfirstofnun annarra stofnana sjávarútvegsins. Það, sem fyrst stingur í augu, er, hversu veikt og lítilsmegnugt sjávarútvegsráðuneytið er sökum skorts á starfsliði. Þar mun nú starfa fulltrúi og skrifstofustúlka auk ráðuneytisstjóra, sem er fámennara starfslið en í öllum

öðrum ráðuneytum. Afleiðing þessa er m. a. sú, að ýmis mikilvæg hagsmunamál sjávarútvegsins, sem eðlilegt og hagkvæmt væri að fengju athugun og afgreiðslu í sjávarútvegsráðuneytinu, eru nú send út um allan bæ til undirstofnana til meðferðar. Er þetta áreiðanlega til mikils óhagræðis í sumum tilfellum, seinkar afgreiðslu mála og gerir málsmeðferð dýrari.

Flm. leggja því megináherzlu á, að við endurskoðun þessa verði verksvið sjávarútvegsráðuneytisins glögg afmarkað innan stjórnkerfis sjávarútvegsins og síðar eflt af mannafla, svo að það geti sinnt verkefnum sínum.

#### I. 2. Fiskifélag Íslands.

Fiskifélag Íslands er ein af meiri háttar stofnunum sjávarútvegsins. Það var stofnað 20. febrúar 1911, og voru því þá sett lög af stofnendum. Lög þessi eru nú í endurskoðun, og er sjálfsgagt að hafa samráð og samvinnu við þá, er að þeirri endurskoðun starfa, við samningu þess frumvarps, er til laga þessi gerir ráð fyrir að samið verði.

Fiskifélagið hefur frá fyrstu tíð haft forgöngu um margvísleg hagsmunamál sjávarútvegsins. Meðal verkefna þess nú má telja margháttða skýrslusófnun og útgáfustarfsemi, t. d. varðandi Alfatryggingasjóð og Stofnfjársljóð skv. lagafyrirmælum Alþingis, sérstök verkefni, sem sjávarútvegsráðuneytið felur því, auk þeirra verkefna, sem samþykktir og ályktanir Fiskipings ákveða. Sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á starfsemi Tæknideildar Fiskifélagsins, sem er afar þýðingarmikil fyrir sjávarútveginn, en hefur ekki vegna fjárskorts getað sinnt margvíslegum verkefnum sem skyldi. Þarf sérstaklega að hyggja að þessu atriði við frumvarpsgerðina og skapa starfseminni fjárhagsgrundvöll.

#### I. 3. Fiskimálaráð.

Það var stofnað með lögum nr. 35 frá 23. apríl 1968 og á skv. lögnum að vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins. Ef athuguð er reglugerð Fiskimálaráðs og lög og starfsreglur Fiskifélagsins, kemur í ljós margt áþekkt, sem leitt getur til tvíverknaðar einstakra starfa og jafnvel uppbyggingu tveggja kostnaðarsamra kerfa, er vinna að sömu eða svipuðum verkefnum.

Flm. eru þeirrar skoðunar, að athuga beri, hvort ekki sé eðlilegt að leggja Fiskimálaráð niður og fela Fiskifélaginu — og e. t. v. efldu sjávarútvegsráðuneyti — þau af verkefnum þess, sem þau annast ekki þegar.

#### II. Tæknilegar stofnanir.

##### Hafrannsóknastofnunin og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Að áliti flm. ber höfuðnauðsyn til þess að skapa sterkari tengsl en nú eru á milli þessara mikilvægu rannsóknastofnana sjávarútvegsins og þeirra, er starfa að fiskveiðum og fiskiðnaði. Vísindaleg stjórnun þarf ekki alltaf að vera — og er ekki alltaf — hagnýt stjórnun. Vegna fámennis okkar og að ýmsu leyti erfiðrar aðstöðu þurfum við að velja verkefnin vandlega og miða við eigin þarfir fyrst og fremst.

Um Tæknideild Fiskifélagsins er áður rætt.

#### III. Lánastofnanir.

##### III. 1. Fiskveiðasjóður.

Lög um Fiskveiðasjóð eru nr. 75 frá 13. maí 1966 og því nýleg. Athuga þarf vel, hvort ekki sé hagkvæmt að breyta til um yfirstjórn sjóðsins skv. 7. gr. laganna þannig, að starfandi fulltrúar í fiskveiðum og fiskiðnaði eigi sæti í stjórninni ásamt með fulltrúum bankanna.

### III. 2. Fiskimálasjóður.

Lög um Fiskimálasjóð eru nr. 89 frá 5. júní 1947 og því allgömul. Engin efast um þýðingu Fiskimálasjóðs fyrstu starfsár hans, en nú virðist ástæðulítið að starfrækja hann sérstaklega lengur og mætti leggja hann undir Fiskveiðasjóð.

### IV. Öryggismál.

Siglingamálastofnunin er ný stofnun, er starfar skv. lögum frá síðasta þingi. Er því ekki þörf endurskoðunar laganna, en vinda þarf bráðan bug að setningu nýrra reglna um smíði skipa, öryggisútbúnað og tæknibúnað o. fl.

### V. Ýmislegt.

#### V. 1. Verðlagsráð sjávarútvegsins.

#### V. 2. Fiskmat.

#### V. 3. Fræðsla.

Starfsemi stofnana, er vinna að ofanefndum verkefnum, hefur víðast staðið allengi, og hefur því dýrmæt reynsla fengizt, sem rétt er að byggja á um framtíðarskipulag þeirra.

Nánar í framsögu.